

Ed.

608. Tillaga til þingsályktunar

um fjórðungsspítala.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og bera fram á næsta Alþingi frumvarp til laga um fjórðungsspítala, landsspítalann, Ísafjarðar- og Akureyrarspítala og nýtt sjúkrahús í Múlasýslum. Séu öll þessi sjúkrahús starfrækt undir sameiginlegri yfirstjórn heilbrigðismálanna.

Greinargerð.

Landsspítalinn í Reykjavík veitir margháttuð hlunnindi því fólki, sem býr í Reykjavík og á landinu sunnan- og vestanverðu. Hafa sýslufélögin og kaupstaðirnir í þessum landshluta ekki reist nein sjúkrahús, eins og vitanlega mundi hafa orðið að gera, ef ríkið hefði ekki byggt landsspítalann. Sá hluti þjóðarinnar, sem búsettur er á Vestfjörðum, Norðurlandi og í Múlasýslum, er þess vegna stórum verr settur í þessu efni og hefur ástæðu til að telja sig fyrir borð borinn um framkvæmd heilbrigðismálanna.

En þar að auki er landsspítalinn allt of litill til að bæta úr þörf þjóðarinnar. Verður annaðhvort að stækka hann stórlega á næstu árum eða koma eðlilegri stækkun þannig fyrir, að deildir frá þessari ríkisstofnun verði í hinum fjórðungunum. Ríkið mundi þá kaupa hlut Ísfirðinga í sjúkrahúsi þess kaupstaðar, reisa nýtt og stórt sjúkrahús á Akureyri og bæta síðan við spítala vegna Múlsýslunga, annaðhvort við Lagarfljótsbrú eða í einhverju kaптúnanna við sjóinn, eftir því sem henta þætti. Mundu Austfirðingar ráða mestu um staðarvalið í þeirra fjórðungi.

Mörg héruð, einkum þau, sem eru fjarri höfuðstaðnum, hafa komið á fót, með styrk úr ríkissjóði, myndarlegum héraðssjúkrahúsum, sem bæta úr eðlilegum þörfum, eftir því sem við má búast. En þegar kemur til meiri háttar lækningaþerfa, verður að leita til landsspítalans. En úr fjarlægum héruðum er langt til hans, ferðir dýrar og oft hættulegar mjög veiku fólki. Þar við bætist, að landsspítalinn rúmar hvergi nærri alla sjúklinga úr Sunnlendingafjórðungi og auk þess meginhluta sjúklinga úr öðrum landshlutum, sem mest þurfa slíkar hjálpar við.

Tæplega verður því neitað, að það eru lítil hyggindi í jafnstóru og strjálbýlu landi og Ísland er að safna öllum þeim sjúklingum, sem mest eru þjádír, af öllu landinu á einn stað. Hitt er hyggilegra, að taka tillit til staðháttu og hafa landsspítalann raunverulega í fjórum deildum, eina deild í hverjum fjórðungi.

Sé lítið á hagsmuni Reykjavíkur, þá fer því fjarri, að bænum sé hagnaður að því, að hingað flytjist allir mest sjúku menn af landinu. Reynslan sýnir, að alltaf verður nokkuð af sjúklingum eftir í þeim bæ, þar sem þeir hafa lengi dvalið sér til heilsu-bótar, og geta á þann hátt stundum orðið beinlínis til þyngsla fyrir það sveitarfélag, sem hlut á að máli. Þessi annmarki vegur nokkuð móti hlunnindum þeirra staða, sem hafa á sínum vegum mannarga spítala.

Nú er aðkallandi að reisa á Akureyri mjög stóran og fullkominn spítala. Það er nauðsyn Norðlendingafjórðungs og raunar landsins alls, að sá spítali verði reistur sem fyrst. En það sjá allir, að meðan Reykjavík telur sér ekki bera skyldu til að koma upp svo miklu sem smáspítala til sinna þarfa, er fram úr lagi ósanngjarnt að ætla Akureyri að reisa sjúkrahús handa 80 sjúklingum fyrir landið allt, að mestu á kostnað þessa eina bæjarfélags. Því betur sem málið er athugað, hljóta fleiri menn að komast að þeirri niðurstöðu, að landsspítali í fjórum deildum, einni í hverjum fjórðungi, er eina úrræðið, sem þjóðin getur unað við til lengdar í þessum efnunum.